

Vigfús Þór Hróbjartsson  
Svið skipulags- og byggingarmála Mýrdals- og Skaftárhreppi.  
Austurvegi 7  
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. maí 2013  
Tilvísun: UST20130400139/ksj

## Tillögur að deiliskipulagi ferðamannasvæða við Langasjó og Eldgjá

Vísað er til erindis sviðs skipulags- og byggingarmála Mýrdals- og Skaftárhrepps er barst 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögur að deiliskipulagi fyrir ferðamannasvæðin við Eldgjá í Vatnajökulspjóðgarði og við Langasjó.

### Eldgjá

Deiliskipulagssvæðið við Eldgjá nær yfir um 30 ha svæði, og er innan Vatnajökulspjóðgarðs. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að bæta aðstöðu göngufólks og annarra ferðamanna, bjóða upp á meiri og betri þjónustu við ferðamenn. Einnig að auka eftirlit og stuðla að verndun náttúruminja og landslags.

### Framkvæmdir

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 11 m<sup>2</sup> viðveruhúsi fyrir landverði og snyrtiaðstöðu, upplýsingaskiltum, bílastæðum og gönguleiðum.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem farið er upp á austurbarm Eldgjár frá bílastæðinu, mun áætluð gönguleið skera hlíðina þannig að hætta er á að losni um jarðveg. Ef sú lega gönguleiðar verður valin endanlega þarf að mati Umhverfisstofnunar að gera ráðstafanir svo jarðvegur renni ekki úr göngustíg á því svæði.

### Verndarsvæði

Þar sem framkvæmdasvæði er á einstöku náttúruminjasvæði innan Vatnajökulspjóðgarðs bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði komið í veg fyrir allt óþarfa rask.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allar framkvæmdir á svæðinu falli vel að landslagi s.s. skilti, vegir o.þ.h.

## Langisjór

Tillaga að deiliskipulagi fyrir ferðamannasvæði við Langasjó nær yfir um 4 ha svæði og er staðsett sunnan við Langasjó. Gert er ráð fyrir snyrtihúsi, tjaldsvæðum og upplýsingaskiltum. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að bæta aðstöðu göngufólks og annarra ferðamanna, bjóða upp á meiri og betri þjónustu við ferðamenn. Einnig að auka eftirlit og stuðla að verndun náttúruminja og landslags.

## Framkvæmdir

Umhverfisstofnun bendir á að mörk tjaldsvæðis eru sýnd nálægt vatnsbakka Langasjós og minnir stofnunin á að í gr. 5.2.3.14. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum nær vatnsbakka en 50 m. Einnig bendir stofnunin á að í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 er gert ráð fyrir aðgengi almennings meðfram ám, sjó og vötnum.

## Fráveita


Í greinargerð kemur fram hvernig fráveita og sorp verður meðhöndlað, en staðsetning rotþróar kemur ekki fram. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram um veitur og fjarskipti, að gera skal grein fyrir veitum og helgunarsvæðum þeirra, ofan jarðar og neðan, á upp-dráttum og/eða í greinargerð. Því þarf að merkja staðsetningu rotþróar á uppdrátt.

## Verndarsvæði

Þar sem framkvæmdasvæði er á einstöku náttúruminjasvæði innan Vatnajökulspjóðgarðs bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði komið í veg fyrir allt óþarfa rask.

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um að hús falli sem best að landi og telur mikilvægt að allar framkvæmdir á svæðinu falli vel að landslagi s.s. skilti, vegir o.þ.h.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Ingibjörg Eiríksdóttir  
Sérfræðingur/svæðalandvörður

Skipulagsstofnun

